



### 12. fundur aðalstjórnar Aftureldingar miðvikudaginn 4. mars 2015 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18:10.

Mætt: Gudjón Helgason (GH) Hekla Klemenzdóttir (HK) Geirarður Long (GL) og Auður Gunnarsdóttir (AG). Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Eymundur Sigurðsson, Anna Sigurðardóttir og Lára Berglind Helgadóttir boðuðu forföll.

Gestur á fundi: Óli Valur Steindórsson fulltrúi aðalstjórnar í undirbúningsnefnd v. fjölnota íþróttahúss.

Eftirtaldir boðuðu forföll.

Anna Sigurðardóttir og Lára Berglind Helgadóttir

---

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### Óli Valur kynnir stöðu mála hjá undirbúningsnefnd v. byggingar fjölnota íþróttahúss.

Um það bil 12 mánuðir síðan ferlið hófst hjá nefndinni. Hlutfjárstöfnun komin í gang. HK gjaldkeri benti á að félagið gæti ekki skuldbundið sig fjárhagslega hvað þetta mál varðar. Óli Valur benti á að alla tíð frá því að möguleikinn á einkaframkvæmd kom til skoðunnar hafi það skýrt komið fram að félagið yrði ekki skuldbundið og það stæði ekki til, heldur yrði um að ræða algjörlega sjálfstætt rekstrarfélag með sér stjórn eins og áður hefur komið fram í því efni sem kynnt hefur verið. Vonir standa til að einn stjórnarmaður í því félagi komi frá Aftureldingu og hann mun þá hafa persónulega þær skyldur sem lög um hlutafélög gera ráð fyrir. Hagsmunir Aftureldingar í þessu máli eru fyrst og fremst fólgnir í því að félagið fái nægjanlega marga tíma til afnota í húsinu. Einnig þegar fram í sækir og í samræmi við væntanlega fjölgun íbúa og iðkenda.

Óli Valur hefur umboð stjórnar til að fylgja þessu máli eftir áfram á svipuðum nótum og hann hefur gert hingað til og hann kynnti stjórninni á fundinum.

#### Lagabreytingar

Farið var yfir drög að tillögum sem HK og IJ hafði tekið saman og samþykkt að leggja fram á næsta aðalfundi. Umræður um reglugerðarbreytingar. Aðalstjórn getur breytt *Reglugerð fyrir deildir* eftir þörfum og/eða að vild.

Stjórn er sammála um að setja þurfi inn í reglugerð deilda grein um að fjármál barna- og unglíngaráða skuli alltaf vera bókhaldslega aðskilin frá meistaraflokkum (S.b. Leiðbeiningar ÍSí um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar grein 1.1. Aðskilnaður fjárreiðu yngri og eldri iðkenda). Skoða þarf sama varðandi fjárreiður karla- og kvennadeilda. Einnig er áriðandi að setja inn í reglugerð fyrir deildir að þær þurfi að hafa formann og varaformann í stjórn deildar sem ekki er fulltrúi í yngriflokkaráði né meistaraflokksráði.

#### Aðalfundur.

Stefnt er að aðalfundi 25. mars næstkomandi. Allar lagabreytingar og tilkynning um fundinn þarf að fara í loftið fyrir 11. mars næstkomandi. IJ mun senda út beiðni um tilnefningar deilda til heiðursviðurkenninga í þessari viku.

Fundi slitið 21:00

Eymundur Sigurðsson  
( sign. )